

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2006

Í Menningar- og bókasafnsnefnd sitja: Jóna Rut Jónsdóttir, formaður (D), Harpa Guðmundsdóttir, (S) og Einar Lárusson, (B). Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gíslad., forstöðumaður (100%), Guðrún Erla Hákonard.(40%), Guðbjörg Ásgeirsd. (40%) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% starfi).

Safnkostur og þjónusta

Í apríl var Gegnir, samskrárkerfi bókasafna á Íslandi tekið í notkun á safninu. Við árslok var búið að skrá inn (tengja handvirkt) 12.989 gögn.

Með tilkomu Gegnis geta nettengdir lánþegar nú skoðað safnkostinn í tölvunni heima hjá sér, séð hvort bókin er inni eða í láni, og þá jafnvel sett inn pöntun ef svo er. Þeir geta fylgst með eigin stöðu, endurnýjað og skoðað lista yfir 100 síðustu lán sín og fl.

Hluti af þjónustu bókasafna landsins, hin síðari ár, er að taka þátt í og greiða, fyrir aðgengi allra landsmanna að hinum ýmsu gagnasöfnum með vefgáttinni Hvar.is. Þar inni eru nú um 14 þúsund tímarit með fullum texta, frá ýmsum gagnasöfnum, m.a. Ebsco Host og Web of Science auk Vefbókasafns, sem er íslensk gátt.

Þetta nýtist öllum nettengdum, hvar sem þeir búa á landinu. Almennungur, háskóla- fjölbrautaskóla- og fjarnemar eiga þarna hæk í horni – afgreiðslutími allan sólarhringinn allan ársins hring. Notkunartölur sýna að Íslendingar nýta sér þjónustu ákveðinna gagnasafna betur, miðað við höfðatölu, en stærri þjóðir, (sjá www.hvar.is).

Bæklingar um Gegni og Hvar.is eru til á bókasafninu.

Krakkasíðan á vef safnsins hefur gengið í endurnýjun lífdaga, svo nú ættu krakkarnir að finna ýmislegt nýtt þar til gagns og gamans.

Útlán og skírteini

Heildarútlán voru um 13.300, en lokað var í viku í júlí, vegna uppfærslu Gegnis og má gera ráð fyrir að sami útlánafjöldi hefði náðst með henni og í fyrri, um 13.500 eintök.

Ekki er gerður greinarmunur í Gegni á skáldsögu, ævisögu, barnabók eða fræðiriti, heldur fellur þetta allt undir formið, þ.e. bók, tímarit, hljóðbók og svo frv.

Útlán skiptast því þannig:

- Bækur um 11.200 eintök
- Annað efni um 1.800 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Hljóðbækur tæplega 300 (í millisafnaláni frá Blindrabókasafni).

Við lok árs var búið að gefa út 661 lánþegaskírteini frá því í apríl, sem skiptast á:

- Fullorðna – 448
- Unglinga – 66
- Börn – 122
- Lífeyrisþega – 25

Komur gesta á safnið

Samkvæmt talningu virðist gestum fækka í ár – 170 manns að meðaltali á viku (úr tæplega 200). Skýringuna gæti verið að finna m.a. í nýrri tækni - Gegnir, Hvar.is og Netið almennt, verða til þess að ekki er eins brýnt fyrir t.d. nemendur að koma á safnið til að endurnýja og finna og nálgast upplýsingar.

Viðburðir

Boðið var til barna-leiksýningar í Festi í Viku bókarinnar í apríl en í Norrænu bókasafnavíkunni var engin formlega dagskrá.

Grindavík, 28. febrúar 2007
Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður